

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Garðabær, 18. september 2024
Málsnúmer: 202408-0028
IAS

Efni: Efnistaka við Langöldu. Matskyldufyrirspurn.

Vísað er í erindi frá skipulagsstofnun frá 20. ágúst 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar vegna fyrirhugaðrar efnistöku við Langöldu.

Landsvirkjun áætlar að enduropna efnistökusvæði við Langöldu. Svæðið er 9,4 ha og gert er ráð fyrir allt að 250.000 m³ efnistöku á árunum 2024-2030. Efnið verður m.a. nýtt við gerð vindorkuvers við Vaðöldu. Efnistökusvæðið er staðsett sunnan við Sprengisandsleið og gatnamót við Búðarháls, milli Hrauneyjafosslínu 1 og Sigöldulínu 3. Náman var upphaflega notuð við gerð Sultartangastíflu á árunum 1982-84. Í samningi Landsvirkjunar við íslenska ríkið frá 2021 er heimiluð efnistaka úr námunni fyrir starfsemi fyrirtækisins.

Í gildandi aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem skógræktar- og landgræðslusvæði (SL26). Unnið er að breytingu á aðalskipulagi Rangárþing ytra 2016-2028 samhliða matskyldufyrirspurn þar sem svæðið verður skilgreint sem efnistöku- og efnislosunarsvæði (E124). Við lok framkvæmdar verður áhersla lögð á að skila svæðinu aftur í fyrra horf svo hægt verður að breyta því aftur í skilgreint skógræktar og landgræðslusvæði.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér fyrirspurnina og kemur með eftirfarandi ábendingar. Fyrirhugað efnistökusvæði er innan svæðis sem fellur undir hverfisvernd (HV13) samkvæmt aðalskipulagi en er utan annarra verndarsvæða og þar eru hvorki vistkerfi né jarðminjar sem njóta sérstakrar verndar. Núverandi vegslóð að námunni fer hins vegar yfir sandorpið nútímahraun, Búrfellshraun, sem er um 3200 ára gamalt og nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr laga um náttúruvernd (lög nr. 60/2013). Líklegt er að umhverfisáhrif verði aðalega á jarðminjar og ásynd, og að þau verði mest á framkvæmdatíma.

Náttúrufræðistofnun telur að nægjanlega vel sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi og umhverfisáhrifum og að ekki sé þörf á að framkvæmdin fari í mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

